



Alþýðusamband Íslands

Tillaga að breytingu á 41. gr. laga ASÍ

Lagt er til að álagning skatta vegna ársins 2018 og gjalddaga verði frestað til 1. nóvember 2018 og eindaga til 11. nóvember 2018.

Lagt er til að árlegur skattur skv. 2. mgr. 41. gr. lækki úr 8,3% í **7,85%** og lágmarksskattur skv. 4. mgr. 41. gr. lækki úr 6,6% í **6,15%** og að þessi lækkun komi til framkvæmda þegar við álagningu á árinu 2018.

Greinargerð:

Á 42. þingi ASÍ voru skattar ASÍ hækkaðar um 0,9%, úr 7,4% í 8,3%, til að mæta auknum verkefnum og rekstrarhalla fyrri ára. Í þeirri áætlun sem lá fyrir þinginu var gert ráð fyrir tiltekinni fjölgun félagsmanna, en jafnframt voru gefin fyrirheit um að á þinginu 2018 yrði þessi ákvörðun endurskoðuð m.t.t. raunverulegrar fjölgunar félagsmanna á árinu 2017. Nú liggur fyrir að félagsmönnum aðildarfélaganna ASÍ hefur fjölgað mun meira en ráð var fyrir gert. Af þeirri ástæðu er ljóst að ekki er þörf á því að framkvæma seinni hluta bráðabirgðaákvæðis í 41. gr. laga ASÍ. Þessi tillaga felur í sér tilbrigði, þar sem núverandi ákvæði laga ASÍ gera ráð fyrir að endanleg álagning vegna ársins 2018 fari fram 1. október og eindagi þeirrar greiðslu sé 11. október. Almennt hefur ekki verið talið heimilt að breyta sköttum vegna yfirstandandi árs heldur eru breytingar látnar taka gildi við álagningu á komandi ári. Hér er hins vegar um ívilnandi ákvörðun að ræða, sem tengist forsendum þeirrar ákvörðunar að samþykkja hækkun skatta á 42. þingi ASÍ. Því er lagt til að fresta álagningu fram yfir þing og lækka skatthlutfallið þegar á þessu ári.